

Verkalýðsfélagið Hlíf A - framboð



Kolbeinn



Hrafnhildur, Bjarni, Kolbeinn, Halldóra, Pétur Freyr og Lena.

Ég, Kolbeinn Gunnarsson, leita eftir þínu atkvæði þegar kosið verður til stjórnar í Verkalýðsfélaginu Hlíf í byrjum mars 2016. Ég býð mig fram til áframhaldandi formennsku í félaginu eins og stjórn og uppstillinganefnd félagsins hefur lagt til. Framboð stjórnar og uppstillinganefndar er merkt á kjörseðli sem **A – framboð**.

Framboðið sem er merkt á atkvæðaseðli, A – framboð, er formaður, ritari, tveir meðstjórnendur og tveir til vara. Einnig er kosið um þrjá menn í stjórn sjúkrasjóðs og þrjá til vara og í stjórn orlofsheimilásjóð. Þessir einstaklingar fylgja formanni áfram inn í stjórn félagsins til áframhaldandi uppbyggingar í félaginu ella falla allir út, alls sex stjórnarmenn, sem koma úr hinum ýmsu atvinnugreinum.

Ég hvet alla félagsmenn til að taka þátt í kosningunni og skila inn atkvæðaseðli á næsta pósthús eða á skrifstofu Vlf. Hlífar. (trúnaðarmanna á vinnustað).